



Matsáætlun Kvíslatunguvirkjunar, Strandabyggð

Athugasemdir úr umsögnum um matsáætlun og viðbrögð Orkubús Vestfjarða við þeim.

Skipulagsstofnun óskaði eftir að eftirtaldir aðilar veittu umsögn um matsáætlun vegna Kvíslatunguvirkjunar: Strandabyggð, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Landsnet, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands. Tafla 1 gefur yfirlit yfir umsagnir sem bárust og viðbrögð Orkubús Vestfjarða við þeim. Efni umsagna var flokkað eftir inntaki þeirra og er vísað í viðeigandi kafla matsáætlunarinnar.

Á þeim tíma sem matsáætlun var í kynningu bárust fjórar umsagnir frá almenningi: Landvernd, Náttúrugrið, ÓFEIG náttúruvernd, Veiðifélag Selár. Tafla 2 gefur yfirlit yfir umsagnirnar og viðbrögð Orkubús Vestfjarða við þeim. Efni umsagna var flokkað eftir inntaki þeirra og er vísað í viðeigandi kafla matsáætlunarinnar.



Í eftirfarandi töflum eru athugasemdir úr umsögnum umsagnaraðila og annarra aðila um matsáætlun Orkubús Vestfjarða vegna umhverfismats Kvíslatunguvirkjunar og viðbrögð Orkubús Vestfjarða við athugasemdunum.

Tafla 1. Umsagnir frá umsagnaraðilum um matsáætlun Kvíslatunguvirkjunar og viðbrögð Orkubús Vestfjarða.

Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
1.1	Strandabyggð	1 Inngangur	Örnefni	Í lýsingu er talað um að virkjunin sé á Ófeigsfjarðarheiði. Ófeigsfjarðarheiði er langt norðan nyrstu mörk vatnsöflunarsvæðis virkjunarinnar og er í Árneshreppi en ekki Strandabyggð. Í raun ætti að tala um Kvíslatungusvæði (sem flokkast það sem aðliggjandi heiðar). Ítrekað er látið að því liggja í matsáætlunni að virkunarsvæðið sé hluti Ófeigsfjarðarheiðar.	Örnefnaskrá Landmælinga Íslands er fátækleg á hálendinu þar sem virkjunin mun standa. Orkubú Vestfjarða þakkar ábendinguna um „Kvíslatungusvæði“.
1.2	Strandabyggð	1.1 Markmið framkvæmdar	Varaafli	Í kafla 1.1. Markmið er ekki minnst á Þverárvirkjun í Steingrímsfirði sem er keyrð meðal annars í straumleysi frá Tröllatunguheiðarlínu, ásamt eldsneytisvéllum. Reyndar er hvergi minnst á Þverárvirkjun í Matsáætlunni, þó að líklega sé gert ráð fyrir að tengipunkturinn sé þar, þó Hólmavík sé alltaf nefnd.	Þverárvirkjun er tengd 11 kV dreifikerfi OV að Hólmavík. Virkjunin er ekki tengd Hólmavíkurlínu, Geiradalur – Hólmavík, sem rekin er á 33 kV spennustigi sem er nauðsynlegt vegna orkuflutnings til Hólmavíkur og sú spenna dugar til að koma 9,9 MW frá Kvíslatunguvirkjun. Þverárvirkjunin er ekki nógu stór til að anna svæðinu í straumleysi og ekki gefið að hún sé í rekstri þegar safna á í lónið. Atburðarrásin er sú að ef línan slær út, þá er eldsneytisvélin á Hólmavík í forgangi (1,2 MW). Þverárvirkjun (2 MW) er svo bætt við og eftir atvikum aðrar framleiðslueiningar í Ísafjarðardjúpi (bæði eldsneytisvél og tvær litlar virkjanir). Þverárvirkjun getur einungis spennusett tæpum 300 kW í afli á dautt kerfi, en eldsneytisvélin allt að 1.100 kW á dautt kerfi. Ólíkt Þverárvirkjun þá verður Kvíslatunguvirkjun alltaf í rekstri og stærð hennar gerir það að verkum að hún heldur uppi raforkuferfinu í flestum tilvikum þannig að enginn missir rafmagn í næsta nágrenni og það á við um Hólmavík. Gildir einu hvort Hólmavíkurlína bilar eða engin orka skilar sér frá kerfi Landsnets. Áréttað er að Kvíslatunguvirkjun mun tengjast nýrri aðveitustöð í botni Steingrímsfjarðar á 33 kV spennustiginu, samkvæmt nýjustu áætlun OV.
1.3	Strandabyggð	1.1 Markmið framkvæmdar	Notendur rafmagns	Í Matskýrslunni er talað um Hólmavík en aðeins tvisvar um Hólmavíkursvæði en notendur rafmagns eru víðar í Strandabyggð heldur en á Hólmavík.	Orkubú Vestfjarða þakkar ábendinguna.
1.4	Strandabyggð	3.4 Náttúruvá	Náttúruvá	Í Matskýrslu í kafla um Náttúruvá fylgir mynd af flóði í Selá. Samt er gert ráð fyrir að vegur að virkjuninni sé á því svæði, sem áin fer yfir á þeirri mynd. Ekki er gert ráð fyrir að styrkja veginn frá vegamótum Strandavegar 643 og Geirmundarstaðarvegur. Ljóst er að sá vegur ber ekki mikla þungaumferð eins og gera má ráð fyrir þegar að framkvæmdum kemur.	Að ósk landeiganda verður vegurinn staðsettur ármegin við bæjarstæði Geirmundastaða. Gerð hefur verið jarðvegskönnun á þessum stað til að meta burð jarðvegsins. Um vegagerðina verður fjallað í umhverfismatskýrslu og, eftir atvikum, m.a. með tilliti til þess hvort styrkja þurfi burð vegarins. Þar sem talið að flóðvatn nái að veginum verður yfirborð hans haft nægjanlega hátt og fláar varðir með nægjanlega stóru grjóti. Þar sem áin er frekar flöt er ekki gert ráð fyrir miklum straumhraða við veginn. Reynist vegurinn neðantil í dalnum ekki nægjanlega burðarmikill verða þeir kaflar styrktir með þykkara burðarlagi eins og þurfa þykir. Eitthvað verður gert sumarið áður en meginframkvæmdirnar hefjast og annað á meðan á framkvæmdum stendur eftir þörfum.
1.5	Strandabyggð	3.4 Náttúruvá	Náttúruvá	Taka verður tillit til að rof í gróðurþekju getur aukið skriðuhættu sérstaklega þar sem hlíðar eru svo brattar eins á þessu svæði, sem ráðgert er að mannvirki virkjunarinnar séu.	Orkubú Vestfjarða þakkar ábendinguna.
1.6	Strandabyggð	6 Mat á umhverfisáhrifum	Vöktunaráætlun	Í Matsáætluninni er ekki gert ráð fyrir vöktun eftir að framkvæmdum lýkur. Þar sem nokkur tilfærsla verður á hvar vatn kemur í Selá er ekki sjálfgefið að lífríki árinna breytist ekki við framkvæmdir. Mikilvægt er að framkvæmdaraðili fylgjast með lífríki og seiðabúskap árinna í nokkur ár eftir lok framkvæmda, til að geta brugðist við ef neikvæðar breytingar verða.	Matsáætlun er ætlað að upplýsa um umfang og áherslur umhverfismats. Vinnsla umhverfismatskýrslu mun leiða í ljós umfang og eðli áhrifa framkvæmdarinnar, m.a. á lífríki Selár. Sé tilefni til mótvægisáðgerða verður þeim lýst í umhverfismatskýrslu Kvíslatunguvirkjunar og vöktun þeim tengdum, sbr. lið 7 í 15. gr. reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.



Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
1.7	Strandabyggð	7.6 Landslag og ásýnd	Óbyggð víðerni	Í matskýrslunni er ekki augljóst hvaða aðferð á að nota við mat á skerðingu á ósnortnum víðernum. Annars vegar er talað um viðurkennda nálgun á útreikningi á skerðingu og hins vegar nýja nálgun. Viðurkennda nálgunin er tilgreind í lögum um nátturuvernd 60/2013. Stendur til að nota viðurkennda nálgun á útreikningi á skerðingu á ósnortnum víðernum eða nýja nálgun? Verður hvoru tveggja reiknað út og birt á korti?	Greiningin mun byggja á aðferð, sem lýst er í: David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason (2021). Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu. Háskóli Íslands –Rannsóknasetur á Hornafirði. Unnin fyrir Rammaáætlun.
1.8	Strandabyggð	4 Lýsing framkvæmdar	Ágengar tegundir	Kvíslatungusvæðið er óraskað land að mestu leiti. Við framkvæmdir á því svæði verður að gæta þess að flytja ekki inn á svæðið ágengar tegundir með vinnuvélum eða á annan hátt.	Orkubú Vestfjarða þakkar ábendinguna.
2.1	Hafrannsóknastofnun	7.4 Vatnalíf	Laxfiskastofnar	Hafrannsóknastofnun telur að almennt sé matsáætlunin vel uppsett og líkleg til að skila mikilvægum upplýsingum til þess að hægt verði að leggja mat áhrif virkjunarinnar á lífríki. Stofnunin vill vekja athygli á að stofnar bleikju hér á landi eiga undir högg að sækja. Þótt ekki sé þekkt með vissu af hverju það stafar geta framkvæmdir verið viðbótar álagsþáttur sem hafa neikvæð áhrif á fiskstofna. Í Selá eru stofnar bleikju og laxa og mikilvægt að þau áhrif sem framkvæmdin getur haft á þá stofna, séu skoðuð.	Í umhverfismatskýrslu verður m.a. lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á fiska í Selá.
2.2	Hafrannsóknastofnun	7.4 Vatnalíf	Rekstur virkjunar	Það hvernig rekstri virkjana er háttað getur haft mikil áhrif á það hvernig umhverfisáhrifin verða eftir virkjun. Þannig getur skipt máli hvort um jafnstöðu- eða óstöðuga keyrslu er að ræða. Hver þau áform eru myndi auðvelda við mat á áhrifum og mætti vera hluti af matsáætlun.	Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um rekstur Kvíslatunguvirkjunar, m.a. varðandi áhrif hennar á rennsli Selár.
2.3	Hafrannsóknastofnun	7.4 Vatnalíf	Stjórn vatnamála	Að gefnu tilefni vill Hafrannsóknastofnun benda á lög um stjórn vatnamála (nr. 36/2011). Í matsáætluninni er ekki getið um möguleg áhrif framkvæmda á skiptingu árinna í vatnshlot. Mikilvægt lagt verði mat á það hver áhrifin verða á vatnsformfræði og líffræðilegt ástand í hverju vatnshloti eftir virkjun. Hvort líklegt sé að vatnshlotin verði skilgreind sem mikið breytt og hvort þau nái viðmiðum um gott líffræðilegt ástand. Þar með hvort áformin um mögulegar breytingar á vatnasviðinu séu í samræmi við lög um stjórn vatnamála.	Gerð verður rannsókn á straum-og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu. Athuganir á lífríki ferskvatns fela í sér sýnatöku á lífríki og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum í Selá (vatnshlot 101-129-R), Þjóðbrókargilsá (vatnshlot 101-433-R) og Svartagilsvatni (vatnshlot 101-998-L) ásamt Efri-Kotvötnum og ónefndu vatni. Allir líffræðilegir gæðapættir sem skilgreindir hafa verið af stjórnvöldum, verða mældir. Ástand yfirborðsvatns verður flokkað eftir vistfræðilegu ástandi þeirra, sbr. lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Niðurstöður matsins munu leiða í ljós breytingar á vatnasviðinu vegna virkjunarinnar.
3.1	Landsnet	4.8 Tenging við dreifikerfi raforku	Tenging við flutningskerfi raforku	Landsnet fær ekki betur séð en fyrirhugaðar tengingar virkjunarinnar við flutningskerfið falli að áætlunum Landsnets um uppbyggingu flutningskerfisins, eins og þær hafa verið kynntar í kerfisáætlunum fyrirtækisins.	Umsögnin krefst ekki viðbragða.
4.1	Umhverfisstofnun	1.2 Matsskylda	Efnistaka	Stofnunin bendir líka á að fyrirhuguð efnistaka vegna framkvæmdarinnar sé tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Efnistakan gæti því þurft að fara í umhverfismat verði ekki gert grein fyrir henni á fullnægjandi hátt í umhverfismatskýrslu framkvæmda vegna Kvíslatunguvirkjunar.	Orkubúi Vestfjarða er þetta kunnugt, samanber umfjöllun um matsskyldu í kafla 1.2 í matsáætlun. Þá kemur fram í kafla 4.9 að gera á jarðrannsókn á svæðinu og jafnframt er þar gerð grein fyrir hvernig verður fjallað um efnisþörf og efnistöku í umhverfismatskýrslu. Efnistaka er því hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar.




Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
4.2	Umhverfisstofnun	5 Kostir	Kostir til mats á umhverfisáhrifum	<p>Í matsskýrslunni eru dregnir upp þrjú valkostir sem skoðaðir verða í umhverfismatsskýrslu vegna virkjunarinnar og svo núllkostur með engri virkjun. Stofnunin telur mikilvægt að skoðaðir séu ítarlega þeir valkostir sem koma til með að valda sem minnstu raski og ásýndarbreytingum á víðernissvæðinu og taki jafnframt tillit til þeirra valkosta sem kom til með að valda sem minnst óafturkræfum breytingum á vatnshlotunum sem eru á framkvæmdasvæðinu.</p> <p>[úr niðurstöðu stofnunarinnar]</p> <p>Stofnunin bendir á að valkostirnir sem settir eru fram í matsáætluninni eru þess eðlis að þeir valdi raski á íslenskri náttúru og er því mikilvægt að skoða uppsetta valkosti til þess að tryggja að fyrirhugaðar framkvæmdir valdi sem minnstum umhverfisáhrifum.</p>	Mat á umhverfisáhrifum valkosta er ætlað að leiða í ljós umhverfisleg áhrif þeirra. Því verður hægt að bera saman mismunandi áhrif. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeirri útfærslu virkjunarinnar, sem ætlunin verður að sækja um leyfi fyrir og, eftir atvikum, mögulegum mótvægisáðgerðum.
4.3	Umhverfisstofnun	5 Kostir	Kostir til mats á umhverfisáhrifum	Umhverfisstofnun bendir á að hennar mati eigi einnig að fjalla um áhrifaþáttinn loftslag í umhverfismatinu og tengja þarf betur stjórn vatnamála í umfjöllun um áhrif á vatnafar.	Í kafla 6.4 í matsáætlun um vinsun umhverfisþátta eru tilgreind rök fyrir því af hverju ekki sé talin þörf á að fjalla um loftslag. Í umsögninni er ekki gerð athugasemd við þá niðurstöðu. Varðandi ábendingu um stjórn vatnamála vísast í svar nr. 4.4.
4.4	Umhverfisstofnun	7.4 Vatnalíf	Stjórn vatnamála	<p>Vatnshlotin, sem eru innan framkvæmdasvæðisins, eru Svartagilsvatn (101-998-L) og Þjóðbrókargil (101-433-R), auk þess er verið að veita vatni með skurðum sem getur haft áhrif á Selá (101-129-R). Umhverfismarkmið þessara vatnshlota er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi (https://vatnavefsja.vedur.is/).</p> <p>Umhverfisstofnun telur æskilegt að framkvæmdaaðili leggi fram mat eins snemma í ferlinu og mögulegt er á því hvort framkvæmdirnar komi til með að valda hnignun á ástandi vatnshlotanna (eða mögulegri hnignun) og hvort framkvæmdin komi í veg fyrir að mjög gott vistfræðilegt ástand vatnshlotanna náist. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki þarf framkvæmdaraðili vatnsaflsvirkjunar að sækja um heimild til Umhverfisstofnunnar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til breytinga á vatnshlotunum. Til að hægt sé að veita slíka heimild þurfa skilyrði samkvæmt 2. mgr. 18. gr. að vera uppfyllt. Slík heimild þarf að liggja fyrir áður en virkunarleyfi er gefið út, sbr. úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli 3/2023 Hvammsvirkjun.</p>	Gerð verður rannsókn á straum-og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu. Athuganir á lífríki ferskvatns fela í sér sýnatöku á lífríki og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum í þeim vatnshlotum sem Umhverfisstofnun tilgreinir, ásamt Efri-Kotvötnum og öðru ónefndu vatni. Allir líffræðilegir gæðapættir sem skilgreindir hafa verið af stjórnvöldum, verða mældir. Ástand yfirborðsvatns verður flokkað eftir vistfræðilegu ástandi þeirra, sbr. lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Niðurstöður matsins munu leiða í ljós breytingar á vatnasviðinu vegna virkjunarinnar.



Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
4.5	Umhverfisstofnun	7.4 Vatnalíf	Verndarsvæði	<p>Umhverfisstofnun bendir á að vötn og tjarnir, sem eru á fyrirhuguðu virkjunarsvæði njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.</p> <p>Í 61. gr. [laga nr. 60/2013 um náttúruvernd] er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um tjarnirnar í umhverfsmatinu og fram komi hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan geri ráð fyrir röskun á tjörnum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.</p>	<p>Orkubúi Vestfjarða er þetta kunnugt, samanber viðmið sem upp eru talin í kafla 7.4 í matsáætlun.</p> <p>Í kafla 2.6 í matsáætlun eru tilgreindir hvaða almannahagsmunir tengjast Kvíslatunguvirkjun.</p>
4.6	Umhverfisstofnun	7.6 Landslag og ásynd	Óbyggð víðerni	<p>Fyrirhugað framkvæmdasvæði Kvíslatunguvirkjunar fellur innan stærsta samfellda óbyggða víðernis Vestfjarða. Umhverfisstofnun bendir á að í náttúruverndarlögum segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Óbyggð víðerni eru skilgreind svæði í óbyggðum sem eru að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að samlegðaráhrif allra fyrirhugaðra virkjana á óbyggð víðerni verði skoðuð ítarlega í umhverfismatsskýrslunni.</p> <p>[úr niðurstöðu stofnunarinnar]</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að huga verður sérstaklega að áhrifum á óbyggð víðerni Vestfjarða og samlegðaráhrif allra virkjanna sem fyrirhugaðar eru á þessum sama svæði verði metin. Auk þess þarf að skoða vel þá þrjá valkosti sem umhverfismatið á að byggja á og forðast skuli að raska landi, vatni og tjörnum og skulu þau sjónarmið hafa forgang þegar valkostagreiningunni er lokið fyrir virkjunina.</p>	<p>Orkubúi Vestfjarða er þetta kunnugt, samanber umfjöllun í kafla 7.4 um landslag og ásynd í matsáætlun. Þar er lýst hvernig staðið verði að mati á áhrifum á ásynd og sjónrænum áhrifum virkjunarinnar, svo sem með tilliti til óbyggðra víðerna. Þá segir í kafla 1.2 í matsáætlun: „Fjallað hefur verið um Austurgilsvirkjun og Skúfnavatnavirkjun í rammaáætlun og áform eru um að reisa Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum. Öll þessi virkjunaráform eru staðsett á sama víðernissvæði og Kvíslatunguvirkjun. Því verða möguleg samlegðaráhrif þessara framkvæmda á óbyggð víðerni á hálendi innan Strandabyggðar, Árneshrepps og Kaldrananeshrepps.“</p>
5.1	Veðurstofa Íslands			Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við matsáætlun þessa.	Umsögnin krefst ekki viðbragða.



Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
6.1	Náttúrufræðistofnun Íslands	7.4 Vatnalíf	Skipulag lífríkisrannsókna	Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni sé að mestu nægjanlega gert grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og þeim rannsóknum sem þarf að gera en stefnt er að frekari athugunum á jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi svæðisins sem er í takt við ábendingar Náttúrufræðistofnunar í umsögn sinni um skipulagslýsinguna. Einnig verður gerð athugun á vatnalífi í straum- og stöðuvötnum á áhrifasvæði virkjunarinnar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við áformaðar rannsóknir eða aðferðafræði þeirra nema að ekki liggur alveg fyrir hver fjöldi mælipunkta fyrir fuglatalningar er né fjöldi sýnatökustaða fyrir vatnalífsathuganir og því erfitt að meta hvort áformaðar athuganir verði fullnægjandi. Ljóst er að með athugununum muni þekking á helstu umhverfisþáttum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar batna til muna.	<p><i>Vatnalíf</i></p> <p>Gerð verður rannsókn á lífríki í Selá (vatnshlot 101-129-R), Þjóðbrókargilsá (vatnshlot 101-433-R) og Svartagilsvatni (vatnshlot 101-998-L) ásamt Efri-Kotvötnum og ónefndu vatni. Allir líffræðilegir gæðabættir sem skilgreindir hafa verið af stjórnvöldum, verða mældir einu sinni yfir sumarið en púpuhamir rykmýs og blaðgræna a verður mæld 3-4 sinnum yfir sumarið. Eðlisefnafræðilegir gæðabættir verða mældir fjórum sinnum á rannsóknartímanum. Kortið sýnir sýnatökustaði (gulir bókstafir merkja snið í vötnum og gulir tölustafir merkja snið í ám).</p>  <p><i>Fuglar</i></p> <p>Fyrirhugað er að ganga umhverfis vötn, gera punkttalningar á fuglalífi þar sem stoppað er í 15 mínútur á hverjum punkti. Einnig verða tekin snið við vötnin og fuglar skráðir á um það bil 200 m svæði. Fyrirhugað er að gera talningar á varptíma og endurtaka talningu um haustið.</p>
6.2	Náttúrufræðistofnun Íslands	7.6 Landslag og ásjúnd	Vandað sé til verka	Þá verður unnið mat á áhrifum á landslag og ásjúnd og metið hver skerðing á óbyggðu víðerni verður. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru áhrif á óbyggðu víðerni líklegust til að vega hvað þyngst vegna staðsetningar framkvæmdasvæðisins og mikilvægt að vandað sé til áhrifamatsins og eins og stefnt er að, að lagt sé mat á samlegðaráhrif ólíkra virkjanaáforma á óbyggðu víðerni á Ófeigsfjarðarheiði.	Umsögnin krefst ekki viðbragða.



Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
6.3	Náttúrufræðistofnun Íslands	7.4 Vatnalíf	Stjórn vatnamála	Tekið er undir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar frá 28. júní 2023 varðandi samræmi umhverfismatsins við markmið og regluverk laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og mikilvægi þess að metið sé hver áhrif virkjunarinnar verða á gæði þeirra vatnshlota sem verða fyrir áhrifum sem allra fyrst í umhverfismatsferlinu.	Gerð verður rannsókn á straum-og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu. Athuganir á lífríki ferskvatns fela í sér sýnatöku á lífríki og eðlisefnafræðilegum gæðabáttum í Selá (vatnshlot 101-129-R), Þjóðbrókargilsá (vatnshlot 101-433-R) og Svartagilsvatni (vatnshlot 101-998-L) ásamt Efri-Kotvötnum og ónefndu vatni. Allir líffræðilegir gæðabættir sem skilgreindir hafa verið af stjórnvöldum, verða mældir. Ástand yfirborðsvatns verður flokkað eftir vistfræðilegu ástandi þeirra, sbr. lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Niðurstöður matsins munu leiða í ljós breytingar á vatnasviðinu vegna virkjunarinnar.
7.1	Orkustofnun	4.2 Rennsli, orkuframleiðsla, uppsett afl og virkjað rennsli . 5 Kostir	Vatnamælingar og valkostagreining	Orkustofnun bendir á að nær engar vatnamælingar standa bak við þessi áform og því er mikil óvissa falin í mati framkvæmdaraðila á rennsli á fyrirhuguðu virkjunarsvæði og þar með á hagkvæmri stærð virkjunar. Bendir stofnunin í því sambandi á að virkjunarleyfi felur í sér leyfi til miðlunar, veitingar og flutnings vatns skv. vatnalögum og markmið laganna er m.a. að tryggja skynsamlega nýtingu vatnsauðlindarinnar og langtímavernd hennar með fyrirbyggjandi aðgerðum á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Fram kemur í gögnunum að rennismælingar til undirbúnings virkjunar hafi hafist haustið 2022 og áformað er að þær standi yfir í þrjú ár, en einungis einu ári verði lokið þegar umhverfismatsskýrsla verði unnin. Orkustofnun veltir því upp og hefur efasemdir um að nægjanleg gögn verði fyrirleggjandi til þess að meta með raunhæfum hætti virkjanlegt vatn sem grundvöll m.a. undir hagkvæmstu nýtingu vatnsauðlindarinnar og valkostagreiningu á stærð og tilhögun virkjunar. Við valkostagreiningu, sbr. bls. 29, ber að tilgreina uppsett afl og framleiðslu hvers kosts fyrir sig, m.a. svo umsagnaraðilar geti gert sér grein fyrir umfangi framkvæmda á móti því afli og framlegð sem hver kostur gefur af sér. Ítarlegri upplýsingar þurfa a.m.k. að liggja fyrir áður en sótt verður um virkjunarleyfi til Orkustofnunar, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því að tilgreind stærð sé hagkvæmasta lausn. Vatnamælingar og valkostagreining byggð á þeim eru sérstaklega mikilvæg í þessu tilfalli þar sem tilgreind stærð virkjunar er 9,9 MW og því undanskilin umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun sbr. lög 48/2011. Bendi niðurstöður mælinga og valkostagreininga til að skynsamleg nýting sé umfram 10 MW eru áformin háð umfjöllun í verndar- og orkunýtingaráætlun.	OV telur að vatnamælingar til eins árs með samanburði við nálæga mæla og veðurgögn gefi nægjanlag góðar upplýsingar til að meta hagkvæmni virkjunarinnar og eðlilega stærð. Nánari gögn munu liggja fyrir við vinnslu umhverfismatsskýrslu og þegar sótt verður um virkjunar- og framkvæmdaleyfi.
7.2	Orkustofnun	4.3.2 Svartagilslón og Svartagilsvirkjun	Smávirikjun	Einnig bendir stofnunin á að stærð efra þreps virkjunarinnar (tilgreind sem smávirikjun í gögnum) er ýmist tilgreind sem 0,4 (bls. 20), 0,45 (bls. 21) eða 0,5 MW (bls. 29)	Réttmæt ábending um ónákvæmni. Verður samræmt í 0,45 MW.
7.3	Orkustofnun	4 Lýsing framkvæmdar	„Fyrirhleðsla“	Orkustofnun gerir enn fremur athugasemdir við hugtakanotkun þar sem „fyrirhleðsla“ er skilgreind þannig að um sé að ræða garð með finna efni í kjarna og grófara efni utar, reyndar kemur einnig fram í gögnum að jafnvel verði um að ræða steinsteyptan vegg. Að mati Orkustofnunar er hér um að ræða lýsingu á stíflu enda er tilgangur þessara mannvirkja að stífla fyrir leið vatns, annað hvort til vatnsveitu eillegar til varnar þess að vatn leki út úr lóni. Orkustofnun telur mikilvægt að notuð séu viðurkennd og þekkkt hugtök og þær fyrirhleðslur sem lýst er verði tilgreindar sem stíflur og tilgreindar í töflu yfirkennistærðir (4.1 og 4.3), ásamt lengd, vídd og dýpt skurða og annarra vatnsveitumannvirkja. Sömuleiðis telur stofnunin nauðsynlegt að efnispörf í þessar stíflur verði tilgreind í töflu 4.4	Athugasemd OS er réttmæt. Orðið fyrirhleðsla sem vissulega er lítil stífla var notað til að greina á milli tveggja mjög mismunandi mannvirkja. Möguleg mætti nota hugtakið smástífla. Stíflur eru dýr efnismikil mannvirki sem valda alvarlegum skaða ef þær bresta, bæði á umhverfi og miklu tjóni á mannvirkinu sjálfu og rekstri þess og jafnvel hættu fyrir fólk. Smástíflur Kvíslatunguvirkjunar munu hækka vatnsborð um 1 til 3 m og halda litlu vatnsmagni á bak við sig. Skaði yrði líka lítill ef þau brustu og fljótlegt er að lagafæra. Síðast og ekki síst er efnismagn og kostnaður svo lítill að unnt er að útfæra þær þannig að þær falli sem best inn í umhverfið varðandi staðsetningu form og jarðvegsfláa, sem ekki er unnt við stærri stíflurnar. Mjög erfitt er að áætla efnismagn smástíflanna á þessu stigi en gerð verður grein fyrir áætluðu magni í umhverfismatsskýrslu.



Nr	Umsagnaraðili	Kafli í Matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð Orkubús Vestfjarða
7.4	Orkustofnun	4 Lýsing framkvæmdar	Áhrifasvæði framkvæmda	Orkustofnun bendir á að áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar er umfangsmeira en beint framkvæmdasvæði (sbr. mynd 4.1) þar sem rennsli fjölmargra lækja og þveráa Selár mun skerðast eða þverra vegna vatnsflutninga Ófæruveitu. Telur stofnunin mikilvægt að afmarkað verði áhrifasvæði fyrirhugaðrar virkjunar og vatnsveitu, og umfjöllun unáhrif framkvæmda og rekstrar virkjunar þar á. Í því efni bendir stofnunin á að rennsli Selár verður einnig fyrir breytingum innan áhrifasvæðis, þ.á.m. neðan stöðvarhúss vegna miðlunar, og það sama á við um Þjóðbrókargil hvar vatnsrennsli mun skerðast umtalsvert auk þess sem rennsli úr botnrás (með aur) mun renna um gilið. Þá nær áhrifasvæði virkjunar með breyttum rennslisháttum í Selá lengra suður en sýnt er á mynd 6.1	Áhrifasvæði framkvæmda er skilgreint í kafla 6.2 í matsáætlun. Í texta með mynd 6.1 segir: „Áhrifasvæðið nær til framkvæmdasvæðisins, Selár allt til ósa og vatnsfalla sem til hennar renna (grænn litur).“
7.5	Orkustofnun	7.4 Vatnalíf	Stjórn vatnamála	Að lokum bendir Orkustofnun á mikilvægi þess að í matsvinnu verði fjallað um samræmi framkvæmda við ákvæði laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, og metið hvort áform séu í samræmi við þá stefnumörkun sem fram kemur í vatnaáætlun 2022-2027.	Gerð verður rannsókn á straum- og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu. Athuganir á lífríki ferskvatns fela í sér sýnatöku á lífríki og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum í Selá (vatnshlot 101-129-R), Þjóðbrókargilsá (vatnshlot 101-433-R) og Svartagilsvatni (vatnshlot 101-998-L) ásamt Efri-Kotvötnum og ónefndu vatni. Allir líffræðilegir gæðapættir sem skilgreindir hafa verið af stjórnvöldum, verða mældir. Ástand yfirborðsvatns verður flokkað eftir vistfræðilegu ástandi þeirra, sbr. lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Niðurstöður matsins munu leiða í ljós breytingar á vatnasviðinu vegna virkjunarinnar.
8.1	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða			Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur kynnt sér efni Matsáætlunar og er ekki með athugasemdir né ábendingar.	Umsögnin krefst ekki viðbragða.

Tafla 2. Umsagnir frá öðrum aðilum um matsáætlun Kvíslatunguvirkjun og viðbrögð Orkubús Vestfjarða.

Nr	Aðrir aðilar	Kafli í matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð
1.1	Veiðifélags Selár í Steingrímsfirði	7.4 Vatnalíf	Þjóðbrókargilsá	Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að nýta það vatn sem nú rennur um Þjóðbrókargil í miðlunarlon eða inntakslón virkjunarinnar. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að Þjóðbrókargil er eitt mesta laxveiðisvæði í Selá og er það mat okkar að þar sé einnig aðal hrygningar- og uppeldissvæði laxastofnsins. Hefur þetta svæði verið friðað fyrir stangaveiði undanfarin ár til að styrkja laxastofn árinna. Við gerð matsáætlunar óskum við eftir að þetta búsvæði verði skoðað sérstaklega og meta þannig hvað áhrif það hafi á vistkerfi vatnasvæðisins ef það hverfur.	Gerð verður rannsókn á lífríki Þjóðbrókargilsá og um það fjallað í umhverfismatskýrslu. Lagt verður mat á áhrif virkjunarinnar á lífríki árinna.
1.2	Veiðifélags Selár í Steingrímsfirði	7.4 Vatnalíf	Vöktun	Í Matsáætlun er ekki gert ráð fyrir athugunum á lífríki vatnasvæðisins eftir að framkvæmdum líkur. Til að meta þær breytingar sem verða við og eftir framkvæmdir teljum við eðlilegt að framkvæmdaáætlun fylgist með lífríki vatnasvæðisins í ákveðinn árafjölda eftir að framkvæmdum líkur og bregðist við ef seiðabúskapur laxa- eða bleikjustofna árinna bíður hnekki af framkvæmdinni.	Matsáætlun er ætlað að upplýsa um umfang og áherslur umhverfismats. Vinnsla umhverfismatskýrslu mun leiða í ljós umfang og eðli áhrifa framkvæmdarinnar, m.a. á lífríki Selár. Sé tilefni til mótvægisáðgerða verður þeim lýst í umhverfismatskýrslu Kvíslatunguvirkjunar og vöktun þeim tengdum, sbr. lið 7 í 15. gr. reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.
1.3	Veiðifélags Selár í Steingrímsfirði	7.9 Samfélag	Veiðileyfi	Augljóst er að á framkvæmdatíma virkjunarinnar fer fram mikið jarðrask á vatnasviði Selár. Lýsir Veiðifélag Selár í Steingrímsfirði yfir áhyggjum að slíkt jarðrask hafi áhrif á sölu veiðileyfa á framkvæmdatíma Kvíslatunguvirkjunar og komi þannig niður á tekjumöguleikum veiðifélagsins.	Gröftur á veituskurði og innan lónsstæðis Stórgilsvatns og gerð frárennisskurðar frá stöðvarhúsi eru þeir þættir framkvæmdarinnar sem geta valdið gruggi. Skoðaður verður möguleiki á því að koma fyrir settjörnum á leið vatns til Selár til að minnka gruggmyndun í ánni.



Nr	Aðrir aðilar	Kafli í matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð
2.1	Samtökin Náttúrugrið	7.4 Vatnalíf	Stjórn vatnamála	Í umhverfismati þarf að gera grein fyrir áhrifum vatnsmiðlunarinnar á þau vatnshlot sem skilgreind hafa verið skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sbr. vatnaáætlun staðfest í apríl 2022. Í kafla tillögu Orkubúsins að matsáætlun um vatnalíf (kafla 7.4) er minnst á lögum sem viðmið. Þar vantar hins vegar allar upplýsingar um það hvað skilgreindu vatnshlot um er að ræða sem framkvæmdin hefði áhrif á skv. lögnum og hvernig mat á að fara fram á því hvort vistfræðilegt ástand sé líklegt til að rýrna við hana, og hvaða sérfræðingar muni meta það í umhverfismatinu, það er hvort það verða sérfræðingar frá Náttúrustofu Vestfjarða, sem nefnd er sem rannsakandi í kafla 7.4., eða hvort það sé einn eða fleiri af þeim sérfræðingum sem eru listaðir í kafla 8.4 í tillögunni, og þá hver/hverjir.	Náttúrustofa Vestfjarða mun gera rannsókn á straum-og stöðuvötnum á framkvæmdarsvæðinu. Athuganir á lífríki ferskvatns fela í sér sýnatöku á lífríki og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum í Selá (vatnshlot 101-129-R), Þjóðbrókargilsá (vatnshlot 101-433-R) og Svartagilsvatni (vatnshlot 101-998-L) ásamt Efri-Kotvötnum og ónefndu vatni. Niðurstöður rannsókna mun Verkís nota til að meta áhrif framkvæmdarinnar á vistfræðilegt ástand vatnshlotanna.
2.2	Samtökin Náttúrugrið	7.4 Vatnalíf	Stjórn vatnamála	Áréttað er að umhverfismarkmið laga nr. 36/2011 eru bindandi og því óheimilt að rýra ástand vatnshlota. Umhverfismarkmið allra þriggja vatnshlotanna sem Umhverfisstofnun nefnir er mjög gott vistfræðilegt ástand.	Umhverfismatinu er ætlað að leiða í ljós grunnástand vatnshlotanna og hver líkleg áhrif framkvæmdarinnar verða. Ef þörf er á verður gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum sem tryggja eigi að vistfræðilegt grunnástand haldist.
3.1	ÓFEIG náttúruvernd	6 Mat á umhverfisáhrifum	Efni matsáætlunar	Um er að ræða mikla framkvæmd í öllum skilningi; víðtækt vatnasvið, mikið land fer undir manngerð lón, þrjár stíflur yrðu byggðar, 9, 11 og 18 metra háar og nærri 2 km að lengd alls, skurðir og níu kílómetra af vegum, auk mikillar efnistöku. Fyrir liggur 57 síðna tillaga að matsáætlun frá maí 2023 fyrir Orkubúi Vestfjarða (OV) frá Verkís. Hin endanlega matsáætlun í skilningi 21. og 22. gr. laga nr. 111/2021 mun samanstanda af tillögunni, ásamt þeim viðbótarupplýsingum sem Skipulagsstofnun aflar í málsmeðferðinni og ákvörðun stofnunarinnar. Til þess að OV væri unnt að uppfylla lágmarsskilyrði 22. gr. laganna um efni umhverfismatskýrslu þurfa frekari lágmarksupplýsingar um áform OV og áhrif þeirra, valkosta og upplýsingar um fyrirhugað umhverfismat að koma fram þegar í matsáætlun lögum samkvæmt. Álit Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. lagaákvæðisins þarf því að fela í sér nokkrar leiðbeiningar til OV um þetta, m.a. með vísan til ákvæða 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 og Evrópulöggjafar.	OV hefur haft samráð við Skipulagsstofnun um efni matsáætlunar framkvæmdarinnar í aðdraganda kynningar á henni. Álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun mun, eftir því sem við á, fela í sér frekari leiðbeiningar um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatskýrslu.
3.2	ÓFEIG náttúruvernd	7.6. Landslag og ásýnd	Víðerni og verndarsvæði	Í ljósi staðsetningar og stærðar framkvæmdar þarf í matsáætlun að vera sérstakur kafla um óbyggð víðerni. Í umhverfismatskýrslu þarf að fjalla um verndarsvæði en í matskýrslu Verkíss fyrir OV hefur láðst að geta þess að í umhverfismati verði gerð grein fyrir þegar kortlögðum óbyggðum víðernum í samræmi við lögbundin viðmið í 19. tölulið 5. gr. og 73 gr. a og 8. t. bráðabirgðaákvæðis náttúruverndalaga nr. 60/2013 um kortlagningu víðerna, sem hugsanlega gætu orðið verndarsvæði skv. 46. gr. náttúruverndalaga nr. 60/2013, sbr. einnig stefnumörkun löggjafans í e-lið 3. gr. laganna um að standa vörð um óbyggð víðerni. Óbyggð víðerni eru ekki það sama og landslag og ekki á við að fjalla um þau í kafla með því heiti, líkt og gert er í tillögu að matsáætlun [...]	Umhverfisstofnun birti árið 2009 kort sem sýnir mörk og umfang óbyggðra víðerna, samkvæmt skilgreiningu náttúruverndarlaga á þeim tíma. Um það verður fjallað í umhverfismatskýrslu. Fyrstu kortlagningu óbyggðra víðerna alls landsins skal vera lokið fyrir 1. júní 2023, sbr. 8. t. bráðabirgðaákvæðis náttúruverndalaga nr. 60/2013. Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um hvort sú vinna er hafin eða hvenær henni muni ljúka. Kort af óbyggðum víðernum skal vera til upplýsinga fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun <u>landslags</u> og aðra landnotkun (sbr. 73 gr. a náttúruverndalaga). Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um óbyggð víðerni sem hluti af landslagi (kafla um landslag og ásýnd).
3.3	ÓFEIG náttúruvernd	7.6. Landslag og ásýnd	Víðerni og verndarsvæði	Tilvitnað er heldur ekki allskostar rétt, að mati ÓFEIGAR. Tillaga að matsáætlun tekur til framkvæmdasvæðis á svokölluðu Drangajökulsvíðerni. Nákvæm kortlagning Drangajökulsvíðernis var einmitt gerð af hálfu sérfræðinga við Leeds háskóla í Englandi að frumkvæði ÓFEIGAR í tengslum við vatnsaflsvirkjun sem fyrirhuguð var á Ófeigsfjarðarheiði og var skýrsla þar um gerð opinber 2020. Sýndi sig, að eldri hugmyndir um mat á víðernum, sem byggði á ónákvæmri kortlagningu sem fór fram á Umhverfisstofnun í gildistíð eldri náttúruverndarlaga, gaf mun minni	Hér eru settar fram hugleiðingar um umhverfisáhrif annarrar framkvæmdar en þeirrar sem matsáætlun Kvíslatunguvirkjunar fjallar um.



Nr	Aðrir aðilar	Kafli í matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð
				skerðingu víðerna miðað við kortlagningu sem byggði á gildandi lögum og fullkomnari aðferðum sem tóku tillit til hins huglæga þáttar núgildandi lagaskilgreiningar óbyggðra víðerna, en líkt og Skipulagsstofnun sagði í matsskýrslu sinni í því máli, var verulegt vanmat á víðernaskerðingu í matsskýrslu í því máli, sjá kafla 3.7.3 á bls. 21 í álitinu, sem er frá 2017.	
3.4	ÓFEIG náttúruvernd	7.6. Landslag og ásýnd	Víðerni og verndarsvæði	<p>Kortlagning óbyggðra víðerna lögum samkvæmt og mat á áhrifum mannvirkja á þau er fjölþátta mat og alls ekki einfalt sýnileikamat, miðað við huglægan þátt lagaskilgreiningar óbyggðra víðerna. Kortlagningin sem Verkís vísar til í tillögu að matsskýrslu er hinsvegar í aðalatriðum útfærsla á hinn eldri víðernakortlagningu Umhverfisstofnunar byggðri á eldri lögum og tekur aðeins til einnar víddar, það er fjarlægðar frá mannvirkjum. Þar sem fullkomnari kortlagning víðerna og í betra samræmi við lagaskilgreiningu náttúruverndarlaga liggur þegar fyrir um það landsvæði sem um ræðir, telur ÓFEIG að notast eigi við hana, til að skerðing víðerna af völdum fyrirhugaðrar virkjunar verði sem réttast metin og í samræmi við sem nákvæmust gögn. Eru það enda bestu fáanlegu vísindalegu gögn í málinu sbr. meginreglan í 8. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um bestu vísindalegu þekkingu sem grundvöll ákvarðana. Er ofmælt í tillögu að matsáætlun að skýrslan sem vísað er þar til að gerð hafi verið fyrir rammaáætlun 4 sé höfð til hliðsjónar af stjórnvöldum, því það er hún ekki svo kunnugt sé. Landmælingar Íslands hafa þegar aðgang að öllum grunngögnum þeirrar kortlagningar víðerna sem ÓFEIG vísar hér til og fengu þann aðgang að beiðni verkefnisstjórnar Rammaáætlunar 5. Það að stöðvarhús séu í tillögu að matsáætlun ekki talin hafa áhrif til skerðingar óbyggðra víðerna, vegna tveggja sumarhúsa, segir sína sögu um hve ónákvæm og ófullkomin kortlagningin er, sem vísað er til í neðanmálgrein 11 í tillögu að matsáætlun. Um allt annars konar skerðingu víðerna er að ræða, eftir því hvort um er að ræða stöðvarhús virkjunar eða sumarhús. Ljóst má vera að inntaks- og miðlunarlón, vegslóðar, skurðir og stíflur muni skerða verulega óbyggð víðerni bæði Trékyllisheiðar, Ófeigsfjarðarheiðar og Hrauna, og mikilvægt er að sú greining sé byggð á bestu fáanlegu og nákvæmstu gögnum.</p> <p>[...]</p> <p>Vísað er til b-liðar 2. mgr. 11. gr. sbr. c-liður 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 auk tilvitnaðra ákvæða laga. nr. 60/2013.</p>	<p>Í tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem sett var fram í febrúar 2021, er fjallað um staðarmótun og landslagsgerð þar sem m.a. er sett fram viðmið við kortlagningu óbyggðra víðerna, og mat á skerðingaráhrifum skipulagsáforma á óbyggð víðerni ¹ Tillögur Skipulagsstofnunar byggðu m.a. á þróunarvinnu við kortlagningu sem unnin var í samstarfi við faghóp 1 í þriðja áfanga Rammaáætlunar.</p> <p>Um Rammaáætlun gilda sérstök lög. Verkefnisstjórn áætlunarinnar er skipuð af ráðherra og hlutverk hennar er að veita ráðherra ráðgjöf um vernd og orkunýtingu landsvæða. Verkefnisstjórn skipar sérfræðinga á viðeigandi sviðum sem fulltrúa í einstaka faghópa. Í mörgum tilfellum vantar gögn um viðfangsefni, sem faghóparnir eiga að meta. Í slíkum tilfellum láta hóparnir gera sérfræðilegar rannsóknir á viðkomandi þáttum. Sú kortlagning á óbyggðum víðernum utan miðhálandisins, sem til stendur að nota í umhverfismatsskýrslu vegna Kvíslatunguvirkjunar, var unnin á vegum faghóps 1 í fjórða áfanga Rammaáætlunar. OV telur óumdeilt að fullyrða megi að gögn sem fjallað er um á vettvangi Rammaáætlunar hafi stjórnvöld til hliðsjónar. Slík gögn séu að því leyti besta vísindalega þekking til grundvallar ákvörðunum.</p> <p>Kortlagning á óbyggðum víðernum sem unnin var á vegum ÓFEIGar er athyglisverð, en hefur ekki þá stöðu sem framangreind kortavinna hefur. Við vinnslu umhverfismatsskýrslu verður sú vinna höfð til hliðsjónar.</p>
3.5	ÓFEIG náttúruvernd	7.6. Landslag og ásýnd	Víðerni og verndarsvæði	<p>Óháð framangreindu, telur ÓFEIG að eftirfarandi texti í kafla 2.6 í tillögu að matsskýrslu sé algerleg ófullnægjandi forsenda um fyrirhugað mat á skerðingu óbyggðra víðerna í umhverfismati, ekki aðeins vegna þess að ekki fæst séð að það hvort manngerð lón, skurðir, stíflur og vegir verði í jaðri víðerna skipti höfuðmáli um skerðingu þeirra, heldur virðast mannvirkin skv. tilvitnaðir mynd beinlínis að öllu leyti vera innan þess sem OV telur vera skilgreint víðerni:</p> <p>Verndarmarkmið í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 (3. gr.) er m.a. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Fyrirhuguð Kvíslatunguvirkjun er í jaðri skilgreinds víðernissvæðis á hálendinu</p>	<p>Væntanlega er átt við það sem segir „Kvíslatunguvirkjun er í jaðri skilgreinds víðernissvæðis“. Ekki stendur til að gera lítið úr því að virkjunin mun hafa áhrif á óbyggð víðerni.</p>

¹ <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/LSK-21-tillagaSkst-til-radherra.pdf>



Nr	Aðrir aðilar	Kafli í matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð
				sunnan Drangajökuls, en víðernið nær norður til Hornstrandafriðlands (Mynd 3-1).	
3.6	ÓFEIG náttúruvernd	7.6. Landslag og ásynd	Víðerni og verndarsvæði	Eftirfarandi texti í kafla 2.6 í tillögu að matsskýrslu er síðan óskiljanlegur sem umfjöllun um verndarsvæði: Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands af náttúruvirkibærum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru vötn 1000 m ² eða stærri, lítt röskuð votlendi stærri en 20.000 m ² , birkiskógur innan framkvæmdasvæðis.	Hér hefði sjálfsgagt mátt orða textann á annan hátt. Eftir sem áður er verið að tilgreina þau náttúruvirkibæri sem njóta verndar samkvæmt lögum og sýnd eru á mynd 2-2.
3.7	ÓFEIG náttúruvernd	7 Helstu umhverfisþættir	Sammögnunaráhrif	Skylt er að meta sammögnun áhrifa af öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum og gera þar grein fyrir því í matsáætlun	Eftirfarandi matsspurning er sett fram í matsáætlun, kafla 7.6 Landslag og ásynd og varða sammögnun: <i>Er um að ræða samlegðaráhrif með öðrum mannvirkjum?</i> Þessari spurningu verður svarað í umhverfismatskýrslu.
3.8	ÓFEIG náttúruvernd	8.4 Matsteymi	Sérfræðiþekking	Lög nr. 111/2021 gera þá kröfu að umhverfismat sé gert af þar til bærum sérfræðingum . Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 þarf í matsáætluninni sjálfri að vera „ <i>yfirlit yfir þá sérfræðinga sem koma til með að vinna umhverfismat ásamt upplýsingum um sérfræðiþekkingu þeirra og réttindi</i> “. Samtökin telja í matsáætlunarfurfi að skýra hvaða sérfræðingar komi að því að meta skerðingu óbyggðra víðerna í samræmi við gildandi náttúruverndarlög. Upplýsingar í kafla 8.4 gera það ekki. Vísad er til 6. töluliðar 11. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021.	Innan matsteymis Verkís, sem kynnt er í töflu 8.1, er yfirgripsmikil þekking á vinnslu landupplýsingagagna, landslagsgreiningar og málefnum óbyggðra víðerna.
3.9	ÓFEIG náttúruvernd	5 Kostir	Núllkostur	Lög gera ráð fyrir að fjallað sé um raunhæfa valkosti í umhverfismati. Í reglugerð er s.k. núllkostur nefndur sem einn valkosta sem greina skuli frá, þó það sé ekki tilgreint í settum lögum, og væntanlega þarf þá OV að uppfylla það skilmerkilega en ekki til málamynda, líkt og gjarna hefur tíðkast, meðal annars með góðri umfjöllun um hvaða áhrif það hefði að <i>halda í óbyggð víðerni á rekstartíma vatnsorkuvers og eftir hann</i> . Vísad er til c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 og gerða Evrópuréttarins sem löggin eru innleiðing á.	Efni umsagnarinnar er óljóst. Í umhverfismatskýrslu verður fjallað um núllkost þ.e. að ekki verði ráðist í framkvæmdir við Kvíslatunguvirkjun. Í því felst að lýsa líklegri þróun umhverfisins á grundvelli rannsókna og upplýsinga um grunnástand framkvæmdasvæðisins, sem aflað verður í rannsóknnum vegna umhverfismatsins.
3.10	ÓFEIG náttúruvernd	8.3 Umhverfismatskýrsla	Framsetning umhverfismatskýrslu	Með vísan til þeirra markmiða umhverfismats að standa vörð um umhverfi og veita almenningi þátttöku á ákvörðunum um stórar framkvæmdir, svo sem því er lýst í landslögum (a- og c-liður 1. gr. laga nr. 111/2011) og uppruna þeirra í EES-samningnum, einkum 73. gr. hans, og afleiddum gerðum, einkum tilskipun 2011/92/ESB breytttri með tilskipun 2014/52/ESB, færi betur á því að lýsing í umhverfismatskýrslu á umfangi framkvæmdar tæki til og legði áherslu á atriði sem raunverulega varða umhverfið og vísa til almenns skilnings, s.s. flatarmáls lands sem er undir, þar af óbyggðra víðerna, og þess konar upplýsingar sem skipta máli fyrir umhverfismatið, sjá einnig b-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 1281/2021. Tæknileg atriði eins og fyrirhugað uppsett afl skipta mun minna máli fyrir markmið umhverfismats. Samantekt í umhverfismatskýrslu skv. elið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 þarf að taka mið af þessu til að standast lög.	Efni umsagnarinnar er óljóst. OV er ljóst að umhverfismatskýrslu er ætlað að upplýsa almenning um framkvæmdina og umhverfisáhrif hennar. Kennistærðir virkjunarinnar eru mikilvægar tæknilegar upplýsingar, svo sem uppsett afl. Leitast verður við að setja umfjöllun um niðurstöður umhverfismatsins fram „á mannamáli“.
4.1	Landvernd	1.1 Markmið framkvæmdar	Sjálfbærni og fjárfestingar í raforkuinnviðum	Það er mikilvægt að öllum landshlutum sé tryggður öruggur aðgangur og afhending raforku svo hægt sé að sinna þeim grunnþörfum sem samfélag þurfa á að halda. Landvernd er meðvituð um veikleika í flutningskerfi raforku á Vestfjörðum sem bæta þarf úr. Víða er dreifikerfi raforku veikt þar sem t.d. er þörf á að koma strenglögnum í jörðu. Þá standatengivirki	Umsögnin lýsir sjónarmiðum Landverndar um hvernig tryggja eigi öryggja raforku á Vestfjörðum. Þau eru önnur en sjónarmið OV, sem lýst er í kafla 1.1 í matsáætlun.



Nr	Aðrir aðilar	Kafli í matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð
				víða enn opin og óyfirbyggð fyrir öllum veðrum. Það er lykilatriði að áður en hugað er að þörf á frekari orkuöflun til að afla raforku á Vestfjörðum sé tryggt að flutnings- og dreifikerfi raforku svæðisins standist kröfur samfélagsins. Notkun á varaafli með díselvélum er auðvitað ekki forsvaranleg aðferð til raforkuframleiðslu þegar bilanir koma upp á flutningskerfinu. Bætt skilyrði til orkuskipta snúa að mati Landverndar í meginatriðum að bættu flutningskerfi í stað frekari framkvæmda við nýjar virkjanir. Endurbyggt og öruggt flutningskerfi mun draga sjálfkrafa úr eftirspurn eftir varaafli. Landvernd styður að Vestfirðir hafi eins og aðrir landshlutar aðgang að tryggri raforku. Samtökin telja hins vegar að tvær óháðar flutningsleiðir til Hólmavíkur með Kvíslatunguvirkjun í stað þess að tryggja og bæta núverandi flutningskerfi sé ekki í anda umhverfisverndar og sjálfbærni og að auki illa farið með fjárfestingar í raforkuinnviðum.	
4.2	Landvernd	1.1 Markmið framkvæmdar	Heimsmarkmið	Í þessum kafla hefði verið ákjósanlegt ef útlistað hefði verið í hvað rafmagn úr áformaðri Kvíslatunguvirkjun á að renna. Hver er framtíðarsýn um orkunýtingu á svæðinu með tilliti til orkuskipta og stöðunnar í loftslagsmálum. Orkufrekur iðnaður er og verður að vera víkjandi í ljósi þeirrar stöðu sem heimurinn allur þarf að horfast í augu við. Í kaflanum er vísað til stefnu stjórnvalda og heimsmarkmiða án þess þó að lista upp hvaða skilningur er lagður í sjálfbæran hagvöxt og eða hvernig áætlunin styðji við „sjálfbæra iðnvæðingu“ á svæðinu. Í þessum efnum hefði einmitt og sérstaklega átt að styðjast við og nefna með skírskotun í stefnu um í hverju sjálfbær hagvöxtur liggur á svæðinu sem þessi virkjun styður við sem og hvaða „sjálfbæra iðnvæðing“ það er sem liggur fyrir að ráðast í. Það er mikilvægt að mati Landverndar að heimsmarkmiðin og eða önnur græn markmið og sjálfbærnivísar séu ekki hafðir til skrauts í áætlunum, heldur er lágmarkskrafa að rök hvíli á bak við áætlanir sem þessar og skilningur framkvæmdaraðila sé til staðar þannig að það sjáist hvað felst í raun í því þegar vísað er til Heimsmarkmiða og annarra umhverfismarkmiða.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um Heimsmarkmið SP.
4.3	Landvernd	2.2 Svæðisskipulag	Orkuöryggi	Í svæðisskipulagi sem Strandabyggð er aðili að er ekki mótuð stefna um orkuvinnslu. Í svæðisskipulaginu er hins vegar lögð áhersla á bætt orkuöryggi sem er ekki hið sama og frekari orkuvinnsla eins og áður er getið.	Vísað er í umfjöllun um markmið framkvæmdarinnar í kafla 1.1 í matsáætlun. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað nánar um hvað felst í bættu orkuöryggi á Ströndum, Reykhólum og í Inn-Djúpi með tilkomu virkjunarinnar.
4.4	Landvernd	7 Helstu umhverfisþættir	Verndargildi svæðisins	Landvernd telur staðsetningu áformaðrar virkjunar gera ríkar kröfur á allar rannsóknir hvað varðar lífríki, jarðfræði og menningarminjar. Svæðið tilheyrir skilgreindum víðernum sem eru verðmæt sem slík og þarf að rannsaka verndargildi svæðisins með það fyrir augum.	Gerð verður rannsókn á lífríki, jarðfræði og menningarminjum svæðisins. M.a. verður ástand skilgreindra vatnshlota á framkvæmdasvæðinu flokkað eftir vistfræðilegu ástandi þeirra, sbr. lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.
4.5	Landvernd	7.6 Landslag og ásýnd	Landslag	Landslag á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er að mati Landverndar óumdeilt tilkomumikið og mjög verðmætt eins og það er í dag, lítt eða óraskað. Landið og landslag er jafnframt viðkvæmt þar sem m.a. Selárdalur er fallega gróinn margvíslegum tegundum jurta en þegar hærra dregur breytist land í minna gróið land. Fyrir liggur að vatnafar svæðisins muni taka varanlegum og óafturkræfum breytingum þar sem stíflumannvirki munu breyta farvegum og rennsli. Í Þjóðbrókargili eru einstök náttúrufrýrbrigði sem verða eðli máls fyrir mjög neikvæðum áhrifum þar sem vatnafar og farvegur er órjúfanlegur hluti af þeirri heildarmynd sem m.a. Þjóðbrókargil hefur á að skipa. Þá kemur fram að veituskurðir og	Hér virðist ekki vera um að ræða efnislega athugasemd.



Nr	Aðrir aðilar	Kafli í matsáætlun	Varðar	Athugasemd	Viðbrögð
				stíflur eru af stærðargráðu sem munu gerbreyta allri ásýnd á svæðinu sem hefur sömuleiðis mjög neikvæð áhrif.	
4.6	Landvernd	7 Helstu umhverfisþættir	Upplýsingar um lífríki	<p>Landvernd telur vistgerðarkort NÍ ekki nægilega nákvæmt til að hægt sé að byggja umhverfismatið á því. Það er því grundvallaratriði að fram fari ítarlegar vettvangsrannsóknir á gróðurfari svo hægt sé að leggja raunhæft mat á vistgerðir innan svæðisins sem og hvað varðar fuglalíf. Í matsáætlun kemur eftirfarandi fram</p> <p><i>”Sumrin 1987-94 var kortlögð útbreiðsla varpfugla í Steingrímsfirði og nágrenni. Á heiðalöndum við Steingrímsfjörð (yfir 400 m y.s.) voru hávellur víða en varpstaðir fáir. Álfir finnast þar sem nægur gróður er, sem er fremur óvíða, og himbrimar þar sem eru silungavötn. Að öðru leyti eru snjóttlingar og sendlingar einkennisfuqlar á heiðunum. Í fuqlarannsókn á Ófeigsfjarðarheiði sáust tíu fuqlategundir, en af þeim voru átta líklegir varpfuqlar á svæðinu. Algengastur var þúfutittlingur, en einnig var heiðlóa og sandlóa algeng. Varp heiðlóu var þéttast og síðan sólskrikju. Einnig sást til fuqla sem eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands: Grágæs, straumönd, qulönd og svartbakur.”</i></p> <p>Hér liggur fyrir að tilvitnaðar rannsóknir eru gamlar, en vænta má að breytingar hafi átt sér stað á lífríki og fuglalífi á síðustu árum. Það þarf því að gera kröfu um ítarlegar fuqlarannsóknir á svæðinu með tilliti til þessa sem og á öðru lífríki m.a. í vötnum þar sem margskonar smádyralíf þrífst, sem er m.a. hluti af fæðu fugla.</p>	Tilvitnun í matsáætlun varðar lýsingu á fyrirbyggjandi upplýsingum um fuglalíf á því svæði þar sem Kvíslatunguvirkjun er ætlað að rísa. Augljóst er að nýrri upplýsingar um fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar skortir. Rannsókn sem gerð verður vegna umhverfismatsins mun bæta úr því. Sömuleiðis rannsóknir á öðru lífríki, sem lýst er í matsáætlun. M.a. munu gróðurrannsóknir felast í því að sannreyna vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar.
4.7	Landvernd	7 Helstu umhverfisþættir	Landrof og áfok	Gera verður ríkar kröfur til að framkvæmdaraðili sýni fram á áætlaða hreyfingu á vatnsyfirborði lóns og þá verði gerðar rannsóknir á áætluðu landrofi og áfoki vegna hækkunar og lækkunar í lónum og þá hvaða áhrif lónsstæðin munu hafa á nærumhverfi og lífríki. Sömuleiðis að skýrt verði hvernig mótvægisáðgerðum verður háttað til að hefta landbrot og rof jarðvegs í og við lónsstæði.	Vatnsborðssveiflur verða á báðum lónum virkjunarinnar. Bakkar eru yfirleitt flatir og jarðvegsþykkt lítil, efni að stórum hluta gróft, og lónin fyllast yfirleitt snemma sumars. Því er almennt ekki búist við miklu rofi ofan bakka lónsins eða uppblæstri úr lónbotni. Efnisgerð og þykkt á viðkvæmum stöðum verður skoðuð. Um það verður fjallað í umhverfismatsskýrslu. Eftir atvikum verða mótvægisáðgerðir skilgreindar og fjallað um fyrirkomulag vöktunar.
4.8	Landvernd	4.6 Stöðvarhús og frárennsli	Stöðvarhús	Stöðvarhúsi er ætlaður staður í grónu og fallegu landi sem verður að fá vandaða og faglega umfjöllun ef ætlun er að raska því viðkvæma fallega landi og gróðurfari sem einkenna hlíðar Selárdals.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif stöðvarhúss á umhverfi Selárdals.
4.9	Landvernd	4.7 Vegagerð	Vegagerð og efnistaka	Meta verður umhverfisáhrif vegagerðar sérstaklega í ljósi þess hve áberandi inngrip á svæðið ásamt mikilli vegagerð mun hafa að viðbættum öðrum óafturkræfum náttúruspjöllum.	Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif vegagerðar á umhverfi svæðisins.